

**Nd.**

**442. Nefndarálit**

[161. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 32/1933, um tilbúning og verslun með smjörlíki o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til að það verði samþykkt með svofelldum

**B R E Y T I N G U M :**

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
  1. gr. laganna orðist svo:

Smjörlíki nefnist í lögum þessum allt feitmeti, sem líkist smjöri, þegar í því er feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Ostlíki nefnist ostur, sem í er önnur fita en mjólkurfita, er nemur meira en 25% af heildarmagni fitunnar.

Rjómalíki kallast vökvi, sem líkist rjóma, en inniheldur aðra feiti en mjólkurfitu, er nemur meira en 25% af fitumagninu.

Mjólkurlíki kallast vökvi, sem líkist mjólk að útliti og efnasamsetningu, en inniheldur feiti, sem ekki á rót sína að rekja til mjólkur, er nemur meira en 25% af heildarfitumagninu.

Þar sem í lögum þessum er talað um smjörlíkisgerð, eftirlit með smjörlíkisgerðum o. s. frv., tekur það einnig til ostlíkis-, mjólkurlíkis- og rjómalíkisgerða, eftir því sem við getur átt.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Í stað orðanna „atvinnumálaráðherra“ og „atvinnumálaráðuneyti“ í lögnum komi: landbúnaðarráðherra og landbúnaðarráðuneyti.

Pétur Sigurðsson var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 6. maí 1980.

Stefán Valgeirsson, form., frsm.	Árni Gunnarsson, fundaskr.	Eggert Haukdal.
Steinþór Gestsson, með fyrirvara.	Skúli Alexandersson.	Þórarinn Sigurjónsson.